FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

95. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 24. APRÍL 2017

Mjótt á munum Emmanuel Macron og Marine Le Pen komust áfram í fyrri umferð forsetakosninganna í Frakklandi í gær. Er tveir þriðju atkvæða voru taldir hafði Le Pen hlotið 23,42 prósent atkvæða en Macron 22,93 prósent. Búist var við að Macron sigi fram úr er öll atkvæði úr í stórborgum væru talin. Macron er spáð sigri í seinni umferðinni. Sjá síðu 6 FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Óttast ekki að missa Granda á Akranes

Dagur B. Eggertsson, formaður Faxaflóahafna, sem ætla að byggja upp fyrir á annan milljarð fyrir HB Granda á Akranesi óttast ekki að störf fyrirtækisins flytjist frá Reykjavík upp á Skaga. Forstjóri HB Granda hefur sagt engar líkur á að vinnsla verði á báðum stöðunum.

BYGGÐAMÁL Dagur B. Eggertsson borgarstjóri telur ekki að milljarða uppbygging hafnarmannvirkja á Akranesi þýði að störf flytjist frá HB Granda í Reykjavík upp á Akranes. Forstjóri HB Granda hefur útilokað að fyrirtækið haldi áfram bolfiskvinnslu á báðum stöðunum.

„Nei, ég óttast það ekki að HB Grandi fari upp á Akranes. Það er mjög mikilvægt að hafnsækin starfsemi verði áfram í borginni," segir Dagur.

Faxaflóahafnir, Akranes og HB Grandi eiga í viðræðum um uppbyggingu hafnarmannvirkja fyrir á annan milljarð króna sem verður alfarið greitt af Faxaflóahöfnum. Reykvíkingar eiga um 75 prósent í Faxaflóahöfnum.

Vilhjálmur Vilhjálmsson, forstjóri HB Granda, hefur sagt útilokað að fyrirtækið verði á báðum stöðum með vinnslu. Það sé vegna ytri þátta og hafnarframkvæmdir skipti þannig engu máli.

„Áform um uppbyggingu hafnarmannvirkja á Akranesi eiga sér langa sögu og þessar hugmyndir eru ekki að verða til núna. Allt frá árinu 2007 hefur verið markmið að byggja upp hafnarmannvirki á Akranesi fyrir hafnsækna starfsemi," segir Dagur sem er formaður stjórnar Faxaflóahafna.

Marta Guðjónsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík og stjórnarmaður í Faxaflóahöfnum, segir af og frá að uppbygging hafnarmannvirkja á Akranesi feli í sér að HB Grandi hverfi frá Reykjavík. Verkefnið sé arðbært hvort sem HB Grandi ætli sér að vera á Akranesi eða ekki.

„Ég horfi ekki þannig á verkefnið og samþykkti uppbygginguna ekki á þeim forsendum," segir Marta.

„Það er markmið Faxaflóahafna að byggja upp alla okkar hafnaraðstöðu. Við gætum séð ný fyrirtæki nýta sér höfnina á Akranesi. Ég legg mikla áherslu á að HB Grandi verði enn með starfsemi í Reykjavík," bætir Marta við. – sa

Illugi formaður í Byggðastofnun

STJÓRNSÝSLA Illugi Gunnarsson, fyrrverandi mennta- og menningarmálaráðherra, verður nýr stjórnarformaður Byggðastofnunar samkvæmt öruggum heimildum Fréttablaðsins. Tekur hann við af Herdísi Sæmundardóttur sem setið hefur í stjórn síðustu tvö ár.

Ársfundur Byggðastofnunar verður haldinn á morgun í Skagafirði. Jón Gunnarsson samgönguráðherra setur Illuga í embættið. – sa / sjá síðu 4

Illugi Gunnarsson

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Oddný Harðardóttir skrifar um „fráleita túlkun" heilbrigðisráðherra. 10

SPORT Valsmenn í góðum málum eftir átta marka sigur. 12

TÍMAMÓT Grótta fagnar 50 ára afmæli sínu í dag. 16

LÍFIÐ Aronmola stendur að samtökunum Allir gráta sem vinna að því að opna umræðuna um þunglyndi og kvíða á meðal barna og unglinga. 22

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ
● FÓLK ● FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Veður



Hvöss norðanátt og él austast á landinu í fyrstu, annars mun hægari vindur og víða léttskýjað í dag. SJÁ SÍÐU 18

Einkaspæjari enn ókominn

MANNSHVARF Engar nýjar upplýsingar hafa borist lögreglu um hvarf Arturs Jarmoszko, 26 ára Pólverja, sem hvarf sporlaust í byrjun mars. Lögregla og björgunarsveitir leituðu Arturs án árangurs. Formlegri leit lauk 20. mars.

Fjölskylda Arturs er ósátt við störf lögreglu í málinu og hefur ráðið einkaspæjara til að rannsaka hvarf hans. Þau telja miklar líkur á því að honum hafi verið unnið mein.

Einkaspæjarinn er ókominn til landsins en fjölskylda Arturs telur líklegt að hann komi á næstu vikum og hefji störf. – sa

Artur Jarmoszko

Gegn auknum strandveiðum

SJÁVARÚTVEGUR Sjómannasamband Íslands leggst gegn lengra strandveiðitímabili og auknum heimildum strandveiðibáta.

Þetta kemur fram í umsögn við frumvarp Gunnars Guðmundssonar Pírata um auknar strandveiðar til heilla fyrir smærri byggðir.

„Með því að auka aflahlutdeild þessara einyrkja er verið að taka hlutdeild af okkar mönnum sem stunda sjómennsku sem aðalatvinnu," segir Valmundur Valmundsson, formaður Sjómannasambandsins. „Því höfum við alltaf lagst alfarið gegn breytingum sem þessum."

Markmið lagafrumvarpsins er að bæta aðstæður til strandveiða, fjölga strandveiðimánuðum úr fjórum í átta og auka einnig aflaheimildir. – sa

Valmundur Valmundsson

Reiðmaður á Sprengisandi

Guðmundur Einarsson er einn sárafárra hestamanna sem halda hesta á gamla Sprengisandi við Bústaðaveg. Hefur þrengt að möguleikum þeirra til útreiða síðustu árin. Guðmundur segir þó Elliðaárdalinn algjöra perlu til útreiða. „Maður finnur ánægju þeirra sem ganga hér framhjá að vita enn af okkur hestamönnum á svæðinu. Allir sem maður mætir segjast ánægðir með fjölbreytnina," segir Guðmundur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Biðja foreldra að hætta símaglápi

BRETLAND Ofnotkun foreldra á farsímum hefur slæm áhrif á fjölskyldulífið, samkvæmt nýrri könnun meðal unglinga í Bretlandi.

BBC segir yfir þriðjung 11 til 18 ára ungmenna hafa þurft að biðja foreldra sína að leggja símann frá sér.

Um 14 prósent sögðu að foreldrar þeirra væru í símanum á matmálstímum en 95 prósent þeirra foreldra sem tóku þátt í könnuninni sögðust ekki gera það.

Um 82 prósent ungmenna töldu að matmálstímar ættu að vera snjalltækjalausir. 22 prósent sögðu að sökum farsímanotkunar gæti fjölskyldan ekki notið tímans saman. Um 44 prósent foreldra sem voru beðnir að leggja símann frá sér urðu að sögn barnanna reið eða komust í uppnám.

Einungis 10 prósent foreldra töldu að farsímanotkun þeirra ylli börnum þeirra áhyggjum. – sg

Amerískur fótbolti með stórveldi í Stokkhólmi

Nikulás Snær Magnússon heldur til Svíþjóðar í lok mánaðarins þar sem hann mun spila amerískan fótbolta með sigursælasta liði landsins, Stockholm Mean Machines. Nikulási mun ætlað að vera leikstjórnandi í vörn sænska stórliðsins.

ÍÞRÓTTIR „Ég fer út 29. apríl, tímabilið byrjaði reyndar um miðjan mánuðinn en það þurfti að finna starfsmann í staðinn fyrir mig í Laugarnesskóla þar sem ég vinn sem stuðningsfulltrúi og skólaliði þannig að ég frestaði brottförinni," segir hinn 22 ára gamli Nikulás Snær Magnússon sem hefur samið við sigursælasta lið Svíþjóðar í amerískum fótbolta, Stockholm Mean Machines.

Nikulás hefur æft amerískan fótbolta með Einherjum síðan 2014 en fylgst með síðan hann var um fimm ára aldurinn.

„Pabbi horfði á NFL og ég var meira að kasta amerískum fótbolta en að sparka í venjulegan fótbolta. Við fylgjumst vel með Denver Broncos, það er okkar lið. Ég hef verið mikill aðdáandi síðan ég fékk fyrstu treyjuna mína af John Elway, leikstjórnanda Broncos, 1998."

Nokkrir liðsfélagar hans hafa farið út til Noregs að æfa en Nikulás vildi meira. Hann skoðaði því félög í Evrópu þar sem amerískur fótbolti er töluvert vinsæll. Eftir að hafa lesið sér til um Mean Machines liðið fór hann til reynslu í mars. Vildu þeir ólmir semja við hann í kjölfarið.

„Ég spila svokallaðan „linebacker". Það er varnarmaðurinn fyrir aftan varnarlínuna og er stundum kallaður leikstjórnandinn í vörninni," segir Nikulás. „Mér líst mjög vel á þetta ævintýri og vonandi er þetta bara byrjunin á einhverju stærra."

Nikulás hefur grunn úr knattspyrnu en hann stóð í marki með Blikum og Val í yngri flokkum og spilaði með Hamri í 2 ár í meistaraflokki. Hann segir að það sé fátt betra en að verja víti en amerískur fótbolti reyni meira á.

Nikulás Snær spilar númer 58 því að uppáhaldsleikmaðurinn hans í Denver Broncos, Von Miller, leikur í treyju með því númeri. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Ég hef spilað fótbolta síðan ég var sex ára og ég mun alltaf halda áfram í boltanum á meðan það er pása hjá Einherjum. Þegar maður ver víti, það er geggjuð tilfinning, en þetta er líkamlega erfiðara," segir Nikulás sem kveður draum vera að rætast með því að semja við stórliðið frá Stokkhólmi.

„Það er einn annar úr Einherjum að fara líka út í sumar en þetta er algjör draumur – og búinn að vera mjög lengi."

benediktboas@frettabladid.is

Stockholm Mean Machines

Liðið er elsta og sigursælasta lið í ameríska fótboltanum í Svíþjóð. Félagið var stofnað árið 1982 og hefur unnið sænska titilinn 11 sinnum. Félagið er einnig með yngriflokkastarf og kvennalið sem hefur ekki tapað leik frá stofnun þess fyrir þremur árum.

Smærri viðgerðir

Hraðþjónusta HEKLU.
Hringdu í 590 50 30 eða renndu við.
Hekla.is

HEKLA

NISSAN
Innovation that excites
Nissan X-Trail
GERÐUR FYRIR FJÖLSKYLDUR.
NISSAN X-TRAIL
Sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, dísil, 177 hestöfl, eyðsla 6,1l/100 km*
Verð: 5.890.000 kr.
Hlaðinn nýjasta tækjabúnaði. 7 sæti, 17" álfelgur, 7" upplýsingaskjár, bakkmyndavél, leiðsögukerfi með Íslandskorti, 360° myndavélakerfi, Bluetooth símkerfi, regnskynjari í framrúðu, fjarlægðaskynjarar, dökkar afturrúður, akreinavari, neyðarhemlunarkerfi, rafdrifin sóllúga og margt fleira.
Nánari upplýsingar á nissan.is
7 manna
Fjórhjóladrif
*Drægi hverrar hleðslu miðast við uppgefnar tölur framleiðanda við staðlaðar bestu mögulegar aðstæður.
ENNEMM / SÍA / NM81309
GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400
Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622
Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533
Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070
IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080
BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
BL

Illugi Gunnarsson verður stjórnarformaður Byggðastofnunar

STJÓRNSÝSLA Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra í síðustu ríkisstjórn, verður á morgun settur stjórnarformaður Byggðstofnunar á ársfundi stofnunarinnar sem haldinn verður í Skagafirði. Þetta herma öruggar heimildir Fréttablaðsins.

Herdís Á. Sæmundardóttir hefur setið undanfarin tvö ár sem formaður stjórnar en hún var sett í embætti í apríl 2015 af Sigurði Inga Jóhannssyni, þáverandi ráðherra byggðamála og núverandi formanni Framsóknarflokksins.

Núverandi ráðherra byggðamála, Jón Gunnarsson, ætlar því að skipta um stjórnarformann og velur hann Illuga til verksins.

Fréttablaðið hefur ekki heimildir fyrir því hvort fleiri breytingar verði á stjórn Byggðastofnunar sem hefur styrkt sig mikið síðustu árin.

Illugi Gunnarsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Illugi Gunnarsson hóf þingmennsku árið 2007 og sat á Alþingi fram að síðustu kosningum. Hann tók sér rúmlega árs leyfi frá þingstörfum á árunum 2010 og 2011 vegna stjórnarsetu í peningamarkaðssjóðum Glitnis sem voru til rannsóknar hjá sérstökum saksóknara.

Byggðastofnun hefur síðustu ár skilað myndarlegum afgangi þrátt fyrir að markmið stofnunarinnar sé að veita lán til staða sem markaðurinn telur sig ekki geta lánað til. Til að mynda skilaði stofnunin rúmlega 150 milljóna króna hagnaði í fyrra og er eigið fé hennar tæpir þrír milljarðar króna.

Árslaun stjórnarformanns Byggðastofnunar voru um 2,4 milljónir króna í fyrra. **– sa**

Halldóra fær verðlaun ESB

MENNING Halldóra K. Thoroddsen hlýtur Bókmenntaverðlaun Evrópusambandsins í ár fyrir skáldsögu sína Tvöfalt gler sem kom út í fyrra.

Verðlaunin eru veitt þátttökuríkjum Creative Europe, menningaráætlun Evrópusambandsins. „Verðlaunin eiga að hampa framúrskarandi hæfileikafólki sem er að þreifa sig áfram á bókmenntavellinum, 12 höfundum á ári hverju," segir í tilkynningu. „Creative Europe styrkir alls 250 þúsund listamenn og starfsfólk í menningargeiranum, til dæmis með því að koma listaverkum á framfæri á alþjóðavísu. Á árunum 2014-2020 verða veittar í áætlunina 1,46 milljarðar evra, eða um 173 milljarðar króna."

Halldóra er fædd 1950. **– gar**

Halldóra K. Thoroddsen

Notum 40 kíló af plasti á mann

UMHVERFISMÁL Árlega eru 300 milljón tonn af plasti framleidd í heimum. Skilar aðeins lítill hluti sér til endurvinnslu eða endurnýtingar. Meirihluti þess er urðaður eða endar í hafinu. Talið er að það verði meira af plasti en fiski í sjónum árið 2050.

Íslendingur notar að meðaltali 40 kíló af plastumbúðum á ári. Landvernd vekur athygli á þeim hættum sem fylgja plastmengun í hafi dagana 25. apríl til 7. maí með átakinu Hreinsum Ísland. Vonast er til að sem flestir leggi hönd á plóg og taki þátt í að minnka plastmengun. Er fólk hvatt til að nota minna plast.

Skipuleggja má sína eigin strandhreinsun og veitir Landvernd ráð á síðunni hreinsumisland.is. **– sg**

Íslenskir strákar sem þreyttu PISA-prófið voru almennt ánægðari með lífið en stelpur. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Strákarnir eru hamingjusamari

Samkvæmt PISA-rannsókn frá 2015 er 18 prósenta munur á lífshamingju stráka og stelpna á Íslandi. Lektor segir hugmyndir og skilaboð samfélagsins varðandi útlit og fleira farið að hafa áhrif á stúlkur á þessum aldri.

SAMFÉLAG Íslenskir unglingar eru hamingjusamari en meðalunglingur, samkvæmt niðurstöðum PISA-rannsóknar Efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD sem fór fram árið 2015.

Strákar eru almennt ánægðari með lífið en stelpur og hvergi er meiri munur milli kynja á lífshamingju en á Íslandi.

Árið 2015 var vellíðan þátttakenda í fyrsta sinn mæld í PISA-könnuninni sem 15 ára unglingar út um allan heim taka. Almennt eru nemendur tiltölulega ánægðir með líf sitt, stress vegna skólaverkefna og einelti dregur þó úr ánægju þeirra.

Í öllum þátttökuríkjum mælast strákar ánægðari með lífið en stelpur. Tæplega 18 prósenta munur er á lífshamingju stráka og stelpna á Íslandi. Meðal útskýringa fyrir kynjamuninum er að mati OECD að á þessum aldri séu stelpur að færast úr því að vera börn í að verða fullorðnar og að sjálfsgagnrýni, meðal annars vegna útlits, geti verið mikil á þeim tíma.

Gyða Margrét Pétursdóttir, lektor í kynjafræði við Háskóla Íslands, tekur undir þessa skýringu.

„Þessar hugmyndir og skilaboð samfélagsins varðandi útlitið og annað fer að hafa áhrif á stúlkur á þessum aldri. Skilaboðin eru að þær séu ekki nógu góðar hvort sem það varðar útlit eða annað.

Það er sérstakt rannsóknarefni hvers vegna hér mælist meiri munur en annars staðar. Við höfum haft þessa þekkingu, að stúlkum líður verr en drengjum, um nokkurt skeið en ég hef ekki séð þennan samanburð áður, það er mikilvægt að skoða þetta," segir hún.

> **Það er sérstakt rannsóknarefni hvers vegna hér mælist meiri munur en annars staðar.**

Gyða Margrét Pétursdóttir, lektor í kynjafræði við Háskóla Íslands

Þar sem Ísland mælist með minnsta kynjabil í heimi á flesta mælikvarða sem rannsakaðir eru segir Gyða að velta megi fyrir sér hvort við höfum ákveðnar væntingar um að samfélagið sé með ákveðnum hætti. En síðan sé upplifun okkar kannski ekki í takt við þær væntingar og það geti skapað meiri óánægju.

Vísbendingar eru um að stelpur upplifi meira kvíða en strákar. Í öllum þátttökuríkjum greina stelpur frá meiri kvíða en strákar.

Strákar eru að meðaltali 13 prósentum ólíklegri til að segjast vera stressaðir þegar þeir eru að læra en stelpur.

Um 64 prósent stúlkna en 47 prósent stráka segjast kvíða prófum jafnvel þegar þau eru vel undirbúin, kynjamunurinn er sérstaklega áberandi á Norðurlöndunum.

saeunn@frettabladid.is

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
Umboðsaðili Jeep á Íslandi - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær - s. 534 4433
www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16
Jeep

FORD FIESTA SUMARTILBOÐ!

-300.000 kr.
AF LISTAVERÐI!

GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ!

50%
AFSLÁTTUR AF AUKAHLUTUM!

Ford Fiesta – sjálfskiptur, 100 hestöfl

Ford Fiesta er sumarlegur og skemmtilegur bíll. Mest seldi bíll í Evrópu fjögur ár í röð. Fyrir því eru góðar ástæður. Ríkulegur staðalbúnaður, loftkæling, Bluetooth samskiptakerfi, fimm stjörnu öryggi, hagstætt verð og lágur rekstrarkostnaður. Fiesta höfðar til þeirra sem vilja eiga fjörugar stundir undir stýri og þeirra sem vilja sparneytinn og öruggan bíl.

Tilboðið gildir út aprílmánuð og nær til bíla sem til eru á lager og afhendast fyrir mánaðarmótin.

Ford

Komdu og tryggðu þér glænýjan sjálfskiptan Ford Fiesta 5 dyra með 300.000 króna afslætti!

ford.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Macron og Le Pen mætast í einvígi í maí

Fyrri umferð forsetakosninganna í Frakklandi fór fram í gær. Útlit er fyrir að Macron og Le Pen mætist í seinni umferðinni 7. maí næstkomandi. Le Pen er talin líkleg til að leiða Frakkland út úr Evrópusambandinu nái hún kjöri sem flest bendir þó til að sé ólíklegt.

Sæunn Gísladóttir
saeunn@frettabladid.is

FRAKKLAND Fyrri umferð í sögulegum forsetakosningum í Frakklandi fór fram í gær og ríkti mikil spenna í landinu. Um er að ræða óljósustu kosningar í nokkrar kynslóðir.

Útlit var fyrir að sigurvegarar fyrstu umferðarinnar væru þau Marine Le Pen, frambjóðandi Þjóðfylkingarinnar, og miðjumaðurinn Emmanuel Macron þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær.

Þegar tveir þriðju atkvæða höfðu verið taldir hafði Le Pen fengið 23,42 prósent atkvæða en Macron 22,93 prósent. Samkvæmt frönskum lögum fer fram önnur umferð forsetakosninga ef enginn frambjóðandi hlýtur yfir 50 prósent atkvæða. Því mun seinni umferðin fara fram 7. maí næstkomandi.

Þetta er í fyrsta skipti frá 6. áratug síðustu aldar sem frambjóðendur Repúblikana og Sósíalista hljóta ekki nægt fylgi til þess að komast áfram í aðalumferðina. Í kjölfar kosninganna lýsti Benoit Hamon, frambjóðandi Sósíalista, yfir stuðningi við Macron.

Ellefu voru í framboði til forseta en fjórir voru taldir hafa möguleika á að ná kjöri í aðdraganda fyrri umferðarinnar. Auk Le Pen og Macron voru það Repúblikaninn Francois Fillon og frambjóðandi vinstrihreyfingarinnar La France Insoumise Jean-Luc Mélenchon. The Guardian greinir frá því að þetta sé í fyrsta skipti frá seinni heimsstyrjöld sem sitjandi forseti býður sig ekki fram aftur.

80%

kjörsókn var áætluð í fyrri umferðinni.

7. maí

mætast Macron og Le Pen og Frakkar kjósa forseta.

Frambjóðendurnir tveir sem halda áfram gætu ekki verið ólíkari, en Macron hefur talað fyrir frjálslyndri efnahagsstefnu, opnu Frakklandi og er hliðhollur Evrópusambandinu, á meðan Le Pen hefur talað gegn sambandinu, gegn innflytjendum og fyrir efnahagslegri verndarstefnu.

Kjörstöðum var lokað klukkan átta að staðartíma í gærkvöldi, eða klukkan sex að íslenskum tíma. Áætluð kosningaþátttaka var um 80 prósent, svipað og árið 2012. Um 47 milljónir manna voru með atkvæðisrétt í kosningunum. Mikil öryggisgæsla var að þessu sinni á kjörstöðum, en um 50 þúsund lögreglumenn og 7.000 hermenn voru á vakt í um landið. Lögregluþjónar voru sérstaklega viðbúnir mótmælum við Bastillu-torg í París.

Mikið er talið í húfi í forsetakosningunum en Marine Le Pen gæti að mati sérfræðinga beitt sér fyrir því að Frakkar, líkt og Bretar, yfirgefi Evrópusambandið og hætti að nota evru. Margir telja að það að Le Pen hafi komist upp úr fyrri umferð sé í raun sigur fyrir öfgahægrihreyfinguna sem hefur verið áberandi í heimspólitík undanfarið ár, þegar Bretar kusu Brexit og þegar Bandaríkjamenn kusu Donald Trump sem forseta.

BBC greindi frá því í gær að gríðarlegur fjöldi franskra ríkisborgara í London hefði kosið þar, en um 120 þúsund íbúa London eru með atkvæðisrétt. Dæmi voru um að fólk hefði beðið í þrjá til fjóra tíma til að kjósa. Haft var eftir einum þessara kjósenda að hann hefði ekki upplifað slíka biðröð í sín 25 ár sem franskur ríkisborgari í London.

Á Íslandi kusu 216 franskir ríkisborgarar í franska sendiráðinu. Að sögn Gaelle Hourriez-Bolatre sendiráðunautar er það 67,9 prósent þeirra Frakka sem búa hér á landi og eru með atkvæðisrétt. Atkvæðin voru talin í sendiráðinu og niðurstöðurnar sendar til Frakklands yfir netið.

saeunn@frettabladid.is



Macron spáð sigri

Niðurstöður fyrri umferðar verða staðfestar í dag en ef fer sem horfir, að Macron og Le Pen mætist, er því spáð að Macron muni sigra í seinni umferðinni. Skoðanakönnun sem birtist í gærkvöldi spáði Macron 62 prósenta fylgi gegn 38 prósenta fylgi Le Pen.

Þórhildur Þorkelsdóttir, fréttakona Stöðvar 2, er stödd í París og segist skynja það að Frakkar muni kjósa Macron sem forseta. „Allir sem ég hef talað við hafa sagt að fylgjendur allra annarra en Le Pen muni flykkjast á bak við Macron. Það virðist vera markmið að halda henni frá. Skoðanakannanir hafa sýnt það líka. Það er markmið allra nema hennar stuðningsmanna að koma henni frá. Mér heyrðist fólk í gær vera að kjósa eftir hjartanu, en allir sem við töluðum við ætluðu að kjósa strategískt í annarri umferð til að koma henni frá."

Þórhildur segir að stemningin í gær hafi verið mjög góð, mikil spenna og stress hafi þó líka verið í loftinu. „Stemningin þegar útgönguspár lágu fyrir var svolítið sérstök, sums staðar var fólk að klappa saman lófum og var mjög ánægt, en við löbbuðum líka framhjá nokkrum nokkuð stórum mótmælagöngum. Það var mikill viðbúnaður og lokaði lögreglan mörgum götum."

» Spáð er að fylgjendur annarra flokka muni færa fylgi sitt til Macron en ekki Le Pen.

GAMMA

19.–27. APRÍL Í HÖRPU

TEFLUM DJARFT TIL ENDA

Hart hefur verið sótt og fimlega varist á þessu fjölmennasta Reykjavíkurskákmóti frá upphafi. GAMMA er aðalstyrktaraðili mótsins og vill tryggja því veglega umgjörð sem höfðar til almennings. Verið velkomin í Hörpu að fylgjast með spennandi skák.

REYKJAVÍKUR SKÁKMÓTIÐ

REYKJAVIKOPEN.COM

Mygla í Héraðsdómi Reykjavíkur

STJÓRNSÝSLA Mygla hefur fundist í húsnæði Héraðsdóms Reykjavíkur, meðal annars á skrifstofum dómara. Stutt er síðan velferðarráðuneytið flutti vegna myglu en ekki hefur verið tekin ákvörðun um framhaldið hjá Héraðsdómi Reykjavíkur.

„Það á að fara í endurnýjun á fimmtu hæðinni í húsinu í sumar, og stóð til að gera það hvort sem er. Í tilefni þess ákváðum við að taka sýni og athuga hvort þar væri einhver óværa því menn töldu sig hafa fundið einkenni og slíkt," segir Friðrik Þ. Stefánsson, rekstrar- og mannauðsstjóri dómsins.

Sérstaklega mikil mygla var á skrifstofu dómstjórans Ingimundar Einarssonar sem hefur verið í námsleyfi frá áramótum. Eftir því sem næst verður komist hefur enginn þurft að fara í veikindaleyfi vegna einkenna frá myglunni.

> **Þetta er mjög einstaklingsbundið og fólk er misútsett fyrir þessu.**
>
> Friðrik Þ. Stefánsson, rekstrar- og mannauðsstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur

„Við höfum svo sem ekkert enn um umfangið á þessu. Við höfum líka ekkert í höndunum sem tengir þetta heilsufari fólks. Þetta er mjög einstaklingsbundið og fólk er misútsett fyrir þessu."

Til stendur að ræða málið hjá Fasteignum ríkissjóðs og taka í kjölfarið ákvörðun um framhaldið.

„Við erum komin í gang með að laga þar sem við vitum að mælist mygla en erum ekki búin að marka okkur neina stefnu um það hversu langt sú skoðun nær. Við viljum helst fá að ganga úr skugga um að þetta sé allt saman í lagi," segir Friðrik. – **snæ**

Telja ferðaþjónus
eflast með nýrri

Búist er við að ferjusiglingar milli Reykjavíkur og Akranes
Reykjavík og Akranes buðu hvort um sig 15 milljónir fyrir
Dótturfélag Eimskips annast rekstur ferjunnar sem tekin e

SAMGÖNGUR Ný ferja sem mun sigla milli Reykjavíkur og Akraness verður tekin á leigu frá Noregi. Það verður dótturfyrirtæki Eimskips, Sæferðir, sem sér um rekstur ferjunnar. Reykjavíkurborg og Akranes tóku tilboði fyrirtækisins að undangengnu útboði.

Siglt verður þrisvar á dag, tvisvar að morgni og einu sinni síðdegis.

„Við vorum í Noregi í síðustu viku og sigldum einu skipi sem er svona heitast í þetta. Við tökum þetta skip á leigu í sex mánuði með kauprétti," segir Gunnlaugur Grettisson, framkvæmdastjóri Sæferða.

Siglingin á að geta tekið innan við 30 mínútur. Samkvæmt útboði fá Sæferðir allt að 30 milljónir króna samtals fyrir sex mánaða tímabil, helming frá hvoru sveitarfélagi.

Þeir ferðaþjónustuaðilar á Akranesi sem Fréttablaðið ræddi við hafa væntingar um að ferjan muni hafa jákvæð áhrif á atvinnulífið í bænum.

„Ég hugsa að þetta muni til skemmri tíma hafa meiri áhrif á veitingaþjónustuna og almennan bæjarbrag. Fólk getur fengið þarna stutta ferð yfir og til baka," segir Eggert Herbertsson, sem rekur þrjú gistiheimili undir merkjum Stay Akranes.

Eggert telur siglingarnar geta aukið áhuga á dagsferðum til Akraness, á árlegt lopapeysuball og aðra viðburði tengda bæjarlífinu. Hins vegar þurfi að markaðssetja Akranes betur sem gististað til að ferjan hafi áhrif á eftirspurn eftir gistingu.

„Ég veit ekki hversu auðvelt er að gera það fyrir þetta sumar og þetta verkefni er bara tilraun. En ef þetta yrði varanlegt þá hugsa ég að þetta gæti haft töluverð áhrif," segir Eggert.

Hilmar Sigvaldason, sem rekur Vitann á Akranesi, telur að siglingarnar hafi góð áhrif á sinn rekstur.

„Við erum líka að fara að fá skemmtiferðaskip í sumar. Þetta hjálpar allt saman til," segir hann.



> **Við erum líka að fara að fá skemmtiferðaskip í sumar. Þetta hjálpar allt saman til.**
>
> Hilmar Sigvaldason, sem rekur Vitann á Akranesi

Hilmar segir Vitann vera svipaðan stað og Gróttu í Reykjavík. Þangað sæki fullt af fólki sem aldrei hafi séð sjó. Þá sé góður hljómburður í Vitanum og þar séu haldnir tónleikar reglulega. Hann segir 40 þúsund manns hafa sótt Vitann á síðustu fimm árum og býst við að ferjan muni auka aðsóknina.

jonhakon@frettabladid.is

stuna á Akranesi Reykjavíkurferju

s hafi góð áhrif á ferðaþjónustu á síðarnefnda staðnum.
samning um siglingarnar. Siglt verður þrisvar á dag.
er á leigu frá Noregi. Siglingin á að taka þrjátíu mínútur.

Á fimm árum hafa um 40 þúsund manns heimsótt vitann á Akranesi sem Hilmar líkir við vitann á Gróttu. MYND/ HILMAR SIGVALDASON

Hætti vegna Panamaskjala en vill laun

DÓMSMÁL Kári Arnór Kárason, fyrrverandi framkvæmdastjóri Stapa lífeyrissjóðs hefur stefnt sjóðnum vegna vangoldinna launa við starfslok hans. Kári Arnór sagði upp fyrir ári eftir að upp komst um eignarhald hans í fyrirtækjum í skattaskjólum.

Hlynur Jónsson, lögmaður Kára, segir að ekki hafi verið staðið við ráðningarsamning þegar Kári lét af störfum. „Án þess að fara í upphæðir sem slíkar þá er það rétt að mál hefur verið tekið fyrir í Héraðsdómi Norðurlands eystra. Umbjóðandi minn telur að ákvæði um starfslok hafi ekki verið fylgt eftir þegar hann lét af störfum. Að öðru leyti vil ég ekki ræða málið frekar," segir Hlynur.

Kári gaf út yfirlýsingu fyrir ári um að hann myndi hætta störfum hjá sjóðnum vegna aðkomu sinnar að fyrirtækjum í skattaskjólum. Var hann fyrsti einstaklingurinn hér á landi til að segja upp störfum vegna leka Panamaskjalanna.

Vitnaleiðslur verða 8. september. Fyrrverandi og núverandi stjórnarformaður auk skrifstofustjóra lífeyrissjóðsins verða kallaðir til. – sa



ÁRSFUNDUR LANDSVIRKJUNAR 2017
Hilton Reykjavík Nordica
Miðvikudagur 26. apríl kl. 14

Þarf framtíðin orku?

Landsvirkjun hvetur til opinnar umræðu um orkumál og þau tækifæri og áskoranir sem eru framundan. Hvernig er rekstur og fjárhagur fyrirtækisins að þróast? Hvað er að gerast á orkumörkuðum heimsins? Hvaða áhrif hefur það á Íslandi? Hver er orkuþörf framtíðar og hvernig mætum við henni?

Bein útsending verður frá fundinum á landsvirkjun.is.

- **Benedikt Jóhannesson** fjármála- og efnahagsráðherra
  Ávarp
- **Jónas Þór Guðmundsson** stjórnarformaður
  Ávarp
- **Hörður Arnarson** forstjóri
  Ragna Árnadóttir aðstoðarforstjóri
  Þarf framtíðin orku?
- **Gerður Björk Kjærnested** fundarstjóri
- **Inga Lind Karlsdóttir** stjórnar umræðum að erindum loknum

Verið öll velkomin
Skráning á www.landsvirkjun.is
#lvarsfundur

FRÉTTABLAÐIÐ

SKOÐUN

Orðið er laust

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Stundum gerast stórir hlutir í okkar litla landi. Atburðir sem eru jafnvel stærri og mikilvægari en við gerum okkur grein fyrir í fyrstu og fela í sér möguleika sem öllu máli skiptir að við sjáum og nýtum. Ekki aðeins til hagsbóta fyrir okkar litla samfélag heldur jafnvel þegar best lætur veröldina og þess vegna er nafnið Veröld, hús Vigdísar, svo fallega viðeigandi fyrir miðstöð tungumála og menningar.

Það sem er okkur kannski eðlilega efst í huga í þessu samhengi er staða íslenskunnar sem á undir högg að sækja í kjölfar sívaxandi áhrifa enskunnar hér sem víðar. AP-fréttaveitan fjallaði í liðinni viku um stöðu íslenskunnar í alþjóðasamfélagi og þar kom fram að um einn milljarð íslenskra króna þurfi til ef gerlegt eigi að vera að bjarga tungumálinu okkar undan þeirri stafrænu tækniflóðbylgju sem skellur á okkur um þessar mundir. Í íslenskunni býr saga okkar, list, menning og hugsun svo við hljótum að velta því fyrir okkur eftir hverju ráðamenn séu að bíða. Það er eflaust ekkert nýtt að pólitíkin sé sein til svars þegar mest á reynir en þar sem stjórnmálin eiga erfitt með að meta verðmæti, utan tyllidaga, í öðru en krónum og aurum, þá er rétt að árétta að í björgun íslenskunnar eru fólgin gríðarleg verðmæti.

Um allan heim er að finna fjölda þjóða og tungumála sem er svipað fyrir komið og okkur og íslenskunni. Þjóða sem nú leita til okkar, eða öllu heldur Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, eftir heilræðum sem byggja á reynslu og sérþekkingu sem hefur þó þrátt fyrir allt skilað íslenskunni á lífi inn í samtímann. Þessu hlutverki hefur stofnunin verið að sinna á undanförnum árum en með tilkomu hússins, aðstöðunnar og þeim möguleikum sem í miðstöðinni búa er viðbúið að á næstunni verðum við vitni að vatnaskilum í verndun og eflingu aðþrengdra tungumála.

Veröld, hús Vigdísar, verður fyrst og fremst samastaður tungumála. Tungumálakennslu og þýðinga sem eru smáríkjum á borð við okkur óendanlega mikilvæg. Með færni á öðrum tungumálum og vönduðum þýðingum getum við í senn öðlast aukinn skilning á öðrum þjóðum, menningu þeirra og hugsunarhætti jafnt sem deilt með þeim því sem skiptir okkur hvað mestu máli hverju sinni. Slíkur skilningur er hugsanlega það mikilvægasta sem heimurinn þarf á að halda um þessar mundir á dögum popúlisma og fáfræði víða um heim. Stjórnmálamenn og -konur rjúka upp vinsældalista og valdastiga í krafti skilningsleysis og ótta við hið óþekkta en þekking, færni og skilningur þykir vera til óþurftar og aðeins til upphafningar á tyllidögum.

Í Veröld, húsi Vigdísar, höfum við Íslendingar einstakt tækifæri til þess að skapa mótvægi við allt þetta því þar er orðið laust fyrir allar þjóðir. Þar getum við sýnt heiminum að í tungumálum býr menning, saga og hugsun þjóða og jafnvel hugmyndir þeirra og draumar um ókomna tíð. Og þetta gerum við ekki síst með því að rækta og vernda tungumál okkar og menningu á hverjum degi og deila svo afrakstrinum með heiminum, öllum til heilla.

Þar getum við sýnt heiminum að í tungumálum býr menning, saga og hugsun þjóða og jafnvel hugmyndir þeirra og draumar um ókomna tíð.

Halldór

Frá degi til dags

Verkleysi fram undan

Þing kemur saman í dag eftir langt páskafrí. Engin lagafrumvörp eru hins vegar á dagskrá. Byrjað er á tveimur sérstökum umræðum, um húsnæðismál og kennaraskort, og svo endað á heilum átta fyrirspurnum. Mönnum verður tíðrætt um doða í íslenskri pólitík í byrjun kjörtímabils. Hvernig má svo sem annað vera þegar vikulega koma upp mál þar sem ríkisstjórnarflokkunum virðist fyrirmunað að ganga í takt? Eins manns meirihluti gæti þýtt verkleysi ríkisstjórnar; ríkisstjórn um ekkert nema að halda völdum.

Endurkoma Illuga

Fréttablaðið segir frá því í dag að Illugi Gunnarsson, fyrrverandi ráðherra, verði nýr formaður stjórnar Byggðastofnunar. Sá ráðherra sem býður upp á þann ráðahag er Jón Gunnarsson, ráðherra byggðamála. Út fer stjórnarmaður í Kaupfélagi Skagfirðinga, Herdís Sæmundardóttir, sem var stjórnarformaður Framsóknarflokksins. Það er eitthvað svo íslenskt við þetta. Þrír ráðherrar síðustu ríkisstjórnar lentu í tómu basli og var Illugi einn þeirra. Það kemur ekki að sök núna virðist vera. Áhugavert að oddviti Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi sagði á síðasta kjörtímabili Illuga hafa tekið þátt í grímulausri spillingu.

sveinn@frettabladid.is

Skjól fyrir einkarekstur

Oddný Harðardóttir

Landlæknir og heilbrigðisráðherra eru ekki sammála um túlkun laga um sjúkratryggingar. Þetta kemur skýrt fram með yfirlýsingu frá landlækni sem birt er á heimasíðu embættisins. Heilbrigðisráðherra virðist telja að einkareknar heilbrigðisstofnanir þurfi ekki sérstakt leyfi ráðherra til að reka sérhæfða sjúkrahúsþjónustu, heldur nægi einungis staðfesting frá landlækni um að þær uppfylli faglegar kröfur. Þær geta síðan fjármagnað rekstur sinn með samningi Sjúkratrygginga Íslands og Læknafélags Reykjavíkur.

Með þessari fráleitu túlkun heilbrigðisráðherra hafa stjórnvöld enga stjórn á því hvert opinbert fjármagn rennur eða hvaða rekstrarform verða ríkjandi í íslensku heilbrigðiskerfi. Hér er einfaldlega lúffað fyrir villtustu draumum frjálshyggjumanna en almannahagur fyrir borð borinn.

Til að bregðast við þessari slæmu stöðu hefur Samfylkingin lagt fram frumvarp um að ráðherra geti ekki gert þjónustusamninga við einkaaðila í heilbrigðiskerfinu nema með samþykki Alþingis að uppfylltum ákveðnum skilyrðum og að arðgreiðslur af heilbrigðisþjónustu verði óheimilar. Þessi tillaga Samfylkingarinnar hefur fengið jákvæðar umsagnir, enda í samræmi við vilja meginþorra almennings.

Hugmyndum um gróða og markað hefur verið þröngvað inn í umræðuna um viðkvæma stöðu heilbrigðiskerfisins. Þeir sem vilja selja ríkinu heilbrigðisþjónustu hafa ráðið för með því að skilgreina þarfirnar og útfærsluna sjálfir og er í raun leyft að skammta sér almannafé.

Ekkert kallar á aukinn einkarekstur nema frjálshyggjustefna núverandi ríkisstjórnar með heilbrigðisráðherra í broddi fylkingar, sem leyfir einkavæðingunni að blómstra í hans skjóli. Við hin þurfum að gæta að og verja grunnstoðir velferðarkerfisins kröftuglega nú þegar hugmyndir um aukinn einkarekstur vaða uppi. Einkarekstur getur ekki komið í staðinn fyrir trausta opinbera heilbrigðisþjónustu sem er öllum aðgengileg. Aldrei má minnsti vafi leika á því hvort hagsmunir sjúklinga eða rekstraraðila heilbrigðisstofnana vegi þyngra.

Hér er einfaldlega lúffað fyrir villtustu draumum frjálshyggjumanna en almannahagur fyrir borð borinn.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Ofsi á undanþágu

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson

Maður sér þá stundum í umferðinni og fyllist skelfingu, hægir á sér og reynir að láta lítið fyrir sér fara meðan þeir æða framhjá gaurarnir sem eru í anda staddir í Formúlu eitt-kappakstrinum en ekki bara á Hafnarfjarðarveginum eða Miklubrautinni eins og við hin. Þeir eru í annarri vídd. Þeir fara um á ofsahraða, hendast milli akreina með rykkjum, skjótast inn í öll bil án þess að gefa nokkru sinni stefnuljós, aka ofan í næsta bíl á undan með ógnandi fasi, virða engar reglur, líta aldrei í kringum sig og maður andar léttar þegar maður sér þá hverfa í átt að sjónarrönd og ekki annað hægt en að biðja til almættisins að grípa í taumana áður en eitthvað hræðilegt gerist.

Erfitt er að vita hvað þessir menn eru eiginlega að tjá með þessum látum, en svona umferðarofstopi er í besta falli ofbeldi gagnvart samborgurum, þetta er andfélagsleg hegðun, eins og að ganga um í mannfjölda og fara upp að fólki og garga upp í það, steyta framan í það hnefann, vingsa stórri sveðju af gáleysi. Svona hegðun vitnar um stórfelldan félagslegan vanþroska og einstaklingshyggju sem stappar nærri sturlun. Svona menn þarf að taka úr umferð og kenna þeim á bíl – og samfélag.

Í Formúlu eitt á Reykjanesbraut

Nýlega staðfesti Hæstiréttur úrskurð Héraðsdóms um að leggja hald á Tesla-bifreið Magnúsar Ólafs Garðarssonar. Þann 20. desember síðastliðinn var hann á ferð á Reykjanesbraut í slæmu veðri og vondu skyggni, á hálum og blautum veg. Samkvæmt frétt RÚ mældist bifreið hans ítrekað á yfir 160 kílómetra hraða og allt upp í 183 kílómetra hraða á klst. Tilkynningar um ofsaakstur bílsins bárust til neyðarlínunnar og svo fór að lokum að hann rakst utan í annan bíl með þeim afleiðingum að hinn ökumaðurinn var fluttur með sjúkrabíl á spítala.

Magnús hefur krafist þess að fá bílinn sinn aftur. Hann segir að hann hafi misst stjórn á bílnum „vegna ytri aðstæðna“. Hann talar líka um að lögreglan hafi farið fram úr valdheimildum sínum við rannsókn málsins og „brotið gegn friðhelgi einkalífsins“ með því að skoða upplýsingar sem bíllinn geymir um aksturinn.

Þetta er ekki eina dæmið um slíkan akstur hjá Magnúsi – tíu hraðakstursmál hafa komið upp hjá honum hér á landi undanfarið og eitt í Danmörku.

Það er ágæt regla að sýna fólki tillitssemi þegar það ratar í ógæfu eða verður eitthvað á sem ámælisvert getur talist; þá fer ekki vel á að hreykja sér eða efna til fjöldafordæmingar, enda eiga allir sér einhverjar málsbætur og rétt á því að taka sig á í lífinu. Það á Magnús vonandi eftir að gera og farnist honum vel. Það er hins vegar freistandi að gera þetta mál hans að umtalsefni vegna þess að það er dæmigert fyrir ákveðið hugarfar sem ríkt hefur hér á landi, og ekki bara í umferðinni.

Magnús Ólafur stendur sem sé í þeirri meiningu að hann sé undanþeginn reglum um hámarkshraða.

> Talað er um „ytri aðstæður“, rétt eins og hrunverjar gera alltaf og fjasað um „friðhelgi einkalífs“. Vantar bara að hann fari að reyna að ryðja dóminn með vanhæfiskröfum á þeim forsendum að dómarar séu andvígir ofsaakstri.

Uppbygging á undanþágu

Hann er nefnilega vanur undanþágunum. Magnús er einn stofnenda United Silicon og var til skamms tíma forstjóri þess fyrirtækis, hafði væntanlega veg og vanda af þeirri uppbyggingu sem skilar fyrirtækinu nú nærri vikulegum hneykslisfréttum vegna mengunar sem enginn virðist almennilega vita hversu mikil er, skulda við verktaka og málaferla kringum það, slysa og verkamanna sem látnir eru vinna án réttinda á vandasöm tæki og við vondar aðstæður. Allt vitnar um það hvernig ætt hefur verið áfram við uppbyggingu fyrirtækisins í þeirri vissu að undanþágur verði veittar frá reglum. Nú bregður hins vegar svo við að umhverfisráðherra Björt Ólafsdóttir hefur farið skörulegla fram í málefnum fyrirtækisins og komið þeim skilaboðum rækilega á framfæri að við þetta fúsk verði ekki unað og að það sé liðin tíð að horft sé í gegnum fingur sér með ólöglega mengun eins og löngum hefur tíðkast hér á landi.

Reglan hér á landi hefur verið þessi: þegar spurt er um hagsmuni náttúru og hagsmuni stóriðju skal stóriðjan njóta vafans, undantekningarlaust; þegar spurt er um heilsu almennings og hagsmuni stóriðju skal stóriðja njóta vafans, ævinlega. Stóriðja, verksmiðjurekstur, er nefnilega „atvinnusköpun“. Og „atvinnusköpun“ er íslenska orðið yfir „nirvana“; hið endanlega alsæluástand sem allt miðar að.

Afleiðingin er sú að uppbyggingu stóriðju hér á landi má líkja við ofsaakstur í umferðinni og eru þar dæmin mýmörg, það nýjasta brjálæðisleg áform um sjókvíaeldi á laxi. Forljótum verksmiðjum hefur verið dritað niður þar sem hentar framkvæmdaaðilum sem fá allar þær ívilnanir sem hugsast geta, skattahagræði, gjafverð á orku, frámunaleg framlög úr lífeyrissjóðum, að drasla að vild ...

Stjarnan: Helena Rut Örvarsdóttir 8, Rakel Dögg Bragadóttir 6, Sólveig Lára Kjærnested 3, Hanna G. Stefánsdóttir 2/2, Esther Ragnarsdóttir 2, Brynhildur Kjartansdóttir 2, Elena Elísabet Birgisdóttir 1, Stefanía Theodórsdóttir 1.
Staðan í einvíginu er 1-1.

Haukar - Fram 19-20

Haukar: Ramune Pekarskyte 7/3, Maria Ines Da Silva Pereira 5, Sigrún Jóhannsdóttir 4, Erla Eiríksdóttir 2, María Karlsdóttir 1.
Fram: Ragnheiður Júlíusdóttir 8, Hildur Þorgeirsdóttir 4/1, Guðrún Þóra Hálfdánardóttir 2, Steinunn Björnsdóttir 2, Marthe Sördal 2, Hafdís Shizuka Iura 1, Rebekka Rut Skúladóttir 1.
Staðan í einvíginu er 2-0, Fram í vil.

Olís-deild karla
Undanúrslit, 2. leikur

Afturelding - FH 25-28

Afturelding: Mikk Pinnonen 8, Elvar Ásgeirsson 5, Ernir Hrafn Arnarson 4/1, Jón Heiðar Gunnarsson 2, Þrándur Gíslason 2, Gestur Ólafur Ingvarsson 1, Hrafn Ingvarsson 1, Jóhann Jóhannsson 1, Árni Bragi Eyjólfsson 1.
FH: Ásbjörn Friðriksson 7/1, Jóhann Karl Reynisson 6, Einar Rafn Eiðsson 5/1, Gísli Þorgeir Kristjánsson 4, Óðinn Þór Ríkharðsson 3, Halldór Ingi Jónasson 1, Ágúst Birgisson 1.
Staðan í einvíginu er 2-0, FH í vil.

4+1 REGLAN ÁFRAM VIÐ LÝÐI

Tillaga um að taka aftur upp 3+2 regluna svokölluðu í körfuboltanum á Íslandi var felld á jöfnu á ársþingi KKÍ á laugardaginn. Lið mega því bara vera með einn erlendan leikmann inni á vellinum í einu og eins og síðustu ár. Kosningin var eins jöfn og hægt er en 51 kaus að samþykkja breytingu yfir í 3+2 en 51 hafnaði því. Hannes S. Jónsson var sjálfkjörinn formaður KKÍ.

KLÁRAÐI Á TVEIMUR YFIR PARI

Valdís Þóra Jónsdóttir lauk leik á Estrella Damm Mediterrean Ladies Open mótinu í golfi á tveimur höggum yfir pari. Mótið er hluti af Evrópumótaröðinni í golfi. Valdís Þóra komst auðveldlega í gegnum niðurskurðinn. Hún náði sér hins vegar ekki alveg jafn vel á strik um helgina. Valdís Þóra endaði í 53.-60. sæti.

Í dag

18.30	KR - Grindavík	Sport
19.15	FH - Valur	Sport 2
21.00	Körfuboltakvöld	Sport
21.00	Messan	Sport 2

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

24. APRÍL 2017 MÁNUDAGUR

Merkisatburðir

1840 Sveinn Pálsson lætur lífið þennan dag, en hann var íslenskur læknir og náttúrufræðingur mikill.

1914 Dauðadómur er kveðinn upp í síðasta sinn á Íslandi en dóminum er síðar breytt í ævilangt fangelsi.

1953 Elísabet II Bretadrottning slær Winston Churchill til riddara.

1965 Borgarastyrjöldin í Dóminíska lýðveldinu hefst.

1968 Márítíus verður fullgildur meðlimur í Sameinuðu þjóðunum.

1977 Tékkneski stórmeistarinn í skák Vlastimil Hort setur heimsmet í fjöltefli á Seltjarnarnesi þegar hann teflir við 550 manns á rúmum sólarhring.

1978 Dr. Jóhannes Nordal seðlabankastjóri skýrir frá athugun Seðlabankans á nýjum gjaldmiðli sem yrði hundrað sinnum verðmeiri en núgildandi króna.

1982 Jón Páll Sigmarsson setur tvö Evrópumet á móti í Sjónvarpinu.

1994 Magnús Scheving nær öðru sæti á heimsmeistaramóti í þolfimi, sem haldið er í Japan.

2009 Varað er við svínaflensufaraldri.



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Hrönn Sveinsdóttir

Borgarhrauni 4, Hveragerði,

lést á líknardeild Landspítalans þriðjudaginn 11. apríl. Að hennar ósk fór útförin fram í kyrrþey. Bestu þakkir til starfsfólks Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og líknardeildarinnar fyrir yndislega umönnun og hlýtt viðmót.

Helga Bjarnadóttir
Eiríkur Ellertsson
Sigurður Blöndal
Sveinn Frímann Bjarnason
Íris Hall
Svava Brynja Bjarnadóttir
Guðjón Pétur Arnarson
barnabörn, tengdabörn og langömmubörn.

†

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

Ingibjörg Ólafía Rósants Stefánsdóttir

Einivöllum 7, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum 17. apríl síðastliðinn. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 28. apríl kl. 13.00.

Jens Evertsson
Jóhanna Sigrún Jensdóttir
Gísli H. Guðlaugsson
Evert Stefán Jensson
Marivena M. Marcial Jensson
Karlotta Jensdóttir
Jón Einarsson
og barnabörn.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Oddrún S. Halldórsdóttir

Njarðarvöllum 6, Reykjanesbæ, áður Njálsgötu 3, Reykjavík,

sem lést á Hrafnistu Nesvöllum þann 6. apríl, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju þann 26. apríl kl. 13.00.

Ingibjörg Miltimore
Sigríður Brynjólfsdóttir
Gunnar Brynjólfsson
Hrafnhildur Gunnarsdóttir
Guðbjörg Guðmundsdóttir
Gunnar Guðlaugsson
barnabörn, langömmu- og langalangömmubörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

Kristín Finnbogadóttir hefur verið framkvæmdastjóri Gróttu í fjórtán ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fimmtugsafmæli Gróttu fagnað út alla vikuna

Íþróttafélagið Grótta á Seltjarnarnesi verður fimmtíu ára í dag. Um þúsund iðkendur eru hjá íþróttafélaginu sem býður upp á handbolta, fótbolta og fimleika. Hátíðardagskrá fer fram í Hertz-höllinni í dag. Fleiri viðburðir verða svo haldnir út vikuna.

Ég vona að allir Seltirningar og vandamenn Gróttu komi að heimsækja okkur," segir Kristín Finnbogadóttir, framkvæmdastjóri Gróttu. Íþróttafélagið er fimmtíu ára gamalt í dag og fer skipulögð dagskrá fram í dag, en einnig á fimmtudag, föstudag og laugardag.

Páll Óskar mætir í dag og treður upp í Hertz-höllinni og einnig verða ávörp og ræður, vegleg myndasýning og veitingar í boði.

„Það verður flott dagskrá í dag. Hápunktur hátíðarhaldanna er í dag því það er afmælisdagurinn og því aðaldagurinn. Við vonum að Seltirningar komi allir og fagni með okkur. Fái sér köku og börnin fái andlitsmálningu og allt þetta venjulega. Forsetinn ætlar að koma að heimsækja okkur, hann bjó nú hérna hjá okkur," segir Kristín. „Þetta er opið hús og við vonum svo sannarlega að það komi fullt af fólki."

Grótta er með þrjár íþróttadeildir, fótbolta, handbolta og fimleika. Iðkendur er yfir þúsund og á öllum aldri, frá þriggja ára og upp úr.

> **Við vonum að Seltirningar komi allir og fagni með okkur. Fái sér köku og börnin fái andlitsmálningu og allt þetta venjulega.**
>
> Kristín Finnbogadóttir, framkvæmdastjóri Gróttu

Kristín er búin að vera framkvæmdastjóri Gróttu í fjórtán ár og hefur séð félagið taka miklum breytingum á þeim tíma. „Ég hef séð handboltann verða fyrsta boltaliðið okkar sem vinnur stórtitla, í hitteðfyrra urðum við deildar-, bikar- og Íslandsmeistarar í meistaraflokki kvenna og í fyrra urðum við Íslandsmeistarar. Það er stórkostlegur árangur og hefur aldrei gerst í sögu félagsins áður. Það var alveg frábært.

Fótboltinn er svo að fara í fyrsta sinn upp í fyrstu deild og það er alveg stórkostlegt, þeir voru í fjórðu deild þegar ég byrjaði hérna." Kristín segir því ljóst að það sé heilmikið að gerast hjá íþróttafélaginu.

Litið fram á veginn segist Kristín ekki eiga von á því að bætt verði við íþróttagreinum hjá félaginu eins og staðan er í dag, framkvæmdir séu þó fram undan. „Nú er verið að stækka íþróttamiðstöðina, það verður byrjað á því í haust. Það verður töluvert mikil aukning á plássi og betri aðstaða. Það verður aðallega fimleikasalurinn sem verður stækkaður en í framhaldinu losnar um í hinum sölunum sem er mjög hagkvæmt fyrir hinar deildirnar."

Hátíðardagskráin heldur sem fyrr segir áfram út vikuna og lýkur með Pallaballi á laugardagskvöldinu. „Það koma bara vonandi sem flestir á Pallaballið," segir Kristín að lokum.

saeunn@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 24. APRÍL 1916

Páskauppreisnin hefst

Páskauppreisnin, sem hófst á öðrum degi páska árið 1916, var vopnuð uppreisn af hálfu Íra gegn breskum yfirráðum á Írlandi. Uppreisnin er frægasta tilraun herskárra írskra lýðveldissinna til þess að ná fram sjálfstæði Írlands með valdi.

Það var „Hið írska bræðralag lýðveldisins" sem skipulagði uppreisnina, tók yfir pósthús borgarinnar og lýsti þar yfir sjálfstæði Írlands.

Lýðveldissinnarnir náðu smátt og smátt yfirráðum víðs vegar um borgina. Bretar sneru vörn í sókn og nokkrum dögum seinna var uppreisnin brotin á bak aftur. Uppreisnarmennirnir nutu ekki mikils stuðnings meðal almennings, því litið var á þá sem óábyrga ævintýramenn.

Almenningsálitið snerist þó á sveif með uppreisnarmönnunum eftir að það spurðist út að fimmtán þeirra hefðu verið teknir af lífi. Vopnuð átök héldu áfram næstu árin og Írar fögnuðu svo sjálfstæði árið 1922 með stofnun lýðveldis.

Páskauppreisnin á Írlandi.

SAMSUNG
CHEF COLLECTION

Fegurð í fullkomnun

Eldhúslína Samsung

Í eldhúslínu Samsung er að finna heimilistæki í hæsta gæðaflokki auk þess sem fegurð þeirra fullkomnar útlit eldhússins. Hér er aðeins sýnishorn af úrvalinu sem eiga sameiginlega gæðin og útlitið.

1

SAMSUNG KÆLISKÁPUR USA STÁL FRENCH

vrn. SARF56J9040SR/EF

183 X 91CM
Litur: Stál, ryðfrítt
Klakavél: Já
Heildarrými: 564 lítrar
Kælirými: 361 lítrar
COOL SELECT ZONE
Frystirými: 203 lítrar. 4. stjörnu
Kælikerfi: Twin Cooling plus, aðskilin kælikerfi
No Frost: Já

2

SAMSUNG BLÁSTURSOFN

vrn. SANV73J9770RS/EE

Gerð: Sjálfhreinsandi, blástursofn og gufu
Lítra: 73 lítrar,
Nýtanlegt rými (b x h x d): 430 x 365 x 405
Innvols: Emelerað
Litur: Svartur með stál handfangi og stál köntum.
Stjórntakkar: 4,6" TFT LCD Snertiskjár
Hitavalrofi: 30-275° (grill 100-300°)

3

SAMSUNG GRILL- OG ÖRBYLGJUOFN

vrn. SANQ50J9530BS/EE

Gerð: Sambyggður Grill og Örbylgjuofn
Lítrar: 50 l
Innvols: Emelerað
Litur: Svartur með stál handfangi og stál köntum.
Stjórntakkar: 4,6" TFT LCD Snertiskjár
Hitavalrofi: 40-250°
Efra grillelement: 2500 W,

4

SAMSUNG SPANHELLUBORÐ

vrn. SANZ84J9770EK/EE

Spanhelluborð-Keramikhellur.
80 x 52 cm
Stjórntakki er seguldrifinn.
Snúningssnerill.
Barnalæsing.
Tímastillir á öllum hellum.
Hellan slekkur á sér þegar völdum tíma er náð.
Sjálfvirk öryggisslökkvun.
"One-touch pause"
1 hella 160mm 1,2 Kw.

5

SAMSUNG KÆLI- OG FRYSTSKÁPUR

vrn. SARB36J8797S4/EF

Litur: Stál
Orkuflokkur: A++
Orkunotkun á ári (kWst): 260
CHEF ZONE skúffa.
Heildarrými: 350 lítrar.
Kælirými: 240 lítrar.
Frystirými: 110 lítrar. 4. stjörnu.
No Frost: Já
Multi Flow: Já, jöfn dreifing á blæstri í öllum hillurýmum.

6

SAMSUNG VEGGHÁFUR

vrn. SANK86NOV9MSR/UR

Stál vegghúfur
Breidd: 90 cm.
Stjórnborð: Snertitakkar og hreyfiskynjun
Sogaflsstillingar: 4
Mesta sogafl: 700 m3/klst
Mesti hljóðstyrkur: 69dBA
Lýsing: LED 1x4,5w
Málmsíur: 1 stk. úr áli
Kolafilter: Já
Útblásturrör: 150mm diameter

7

SAMSUNG UPPÞVOTTAVÉL

vrn. SADW60J9960US/EE

Framhlið úr burstuðu stáli.
Skjár á hurð, blár litur.
Tekur 14 manna stell.
WATERWALL þvottatækni.
Starttímaseinkun.
Orkunýtni A++
Orkunotkun á ári (kWst) : 266
Hljóðlát aðeins 41db
Stillanleg efrigrind.
Grind efst fyrir hnífapör með sérstökum "FLEX" bakka.

Hafðu samband og leyfðu okkur aðstoða þig við val á heimilistækjum úr eldhúslínu Samsung.

SAMSUNG SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · SAMSUNGSETRID.IS

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Mánudagur

Hvöss norðanátt og él austast á landinu í fyrstu, annars mun hægari vindur og víða léttskýjað í dag. Eftir mjög kalda nótt hlýnar smám saman; hiti 1 til 5 stig á sunnanverðu landinu síðdegis en í kringum frostmark norðan til.



Þriðjudagur	Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
	4° ↗6	1° ↗14	1° ↗16
	Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir
	2° →5	3° ↘8	-2° ↗8

Miðvikudagur	Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
	7° ↑8	3° ↗15	5° ↗17
	Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir
	7° →6	8° →6	1° ↑9

LÉTT

4			3	9	2			
8							7	
1	2					4	6	
		1		8	3	7	9	
2			9	4			8	
		7	6	1				
	6		4					7
				3	9	8		
7	9	2				1	4	3

MIÐLUNGS

5					7		2	
	9	1		5		4		
2	3	4			9	5		
					5		4	9
4	2				6	7		1
6								
	4	7	1			3		2
	6	8		9				

ÞUNG

	8	4		1				
							7	8
		1				3		
6		8	5				9	
9			2	7			4	
	5		9					
		6				7		2
			3				6	
				2	9		1	

Krossgáta

LÁRÉTT
2. samtök
6. á fæti
8. kæla
9. keyra
11. fyrir hönd
12. kunningi
14. gæta
16. bókstafur
17. sprækur
18. munda
20. persónufornafn
21. tikka

LÓÐRÉTT
1. mergð
3. golf áhald
4. tré
5. spor
7. vín
10. siða
13. atvikast
15. ilma
16. ot
19. frá.



LÁRÉTT: 2. stef, 6. tá, 8. isa, 9. aka, 11. þr, 12. lagsi, 14. vakta, 16. þi, 17. ern, 18. ota, 20. ég, 21. tifa.
LÓÐRÉTT: 1. ótal, 3. tí, 4. espitré, 5. far, 7. ákavíti, 10. aga, 13. ske, 15. anga, 16. pot, 19. af.

Skák

Gunnar Björnsson

Michael Kleinman (2.289) átti leik gegn Burak Firat (2.503) á GAMMA Reykjavíkurskákmótinu.
Svartur á leik
22...Rb4+!! 0-1. Eftir 23. Dxd8 Rc4+ 24. Ke1 Rc2+ er hvítur mát. Glæsileg endalok. Afar fjörlega er teflt í Hörpu. Eftir fimm umferðir voru níu keppendur efstir og jafnir. Bragi Þorfinnsson var efstur Íslendinga.
www.skak.is: Allt um Reykjavíkurskákmótið.

2	1	7	3	6	8	5	4	9
8	5	6	4	1	9	3	2	7
4	9	3	5	2	7	8	6	1
6	8	4	2	9	3	7	1	5
3	2	5	7	4	1	9	8	6
9	7	1	6	8	5	4	3	2
5	6	8	9	3	2	1	7	4
1	4	9	8	7	6	2	5	3
7	3	2	1	5	4	6	9	8

2	9	5	1	7	6	4	8	3
1	8	4	3	9	5	2	7	6
3	6	7	4	8	2	5	9	1
9	4	6	5	2	7	3	1	8
5	3	2	8	1	9	7	6	4
7	1	8	6	3	4	9	2	5
8	5	9	7	6	3	1	4	2
4	2	1	9	5	8	6	3	7
6	7	3	2	4	1	8	5	9

3	4	9	7	5	6	8	2	1
2	1	6	9	4	8	3	5	7
5	8	7	2	1	3	9	4	6
4	6	1	8	9	7	5	3	2
7	9	5	3	2	1	4	6	8
8	2	3	5	6	4	7	1	9
6	3	4	1	7	9	2	8	5
9	5	8	6	3	2	1	7	4
1	7	2	4	8	5	6	9	3

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Ársfundur
Vina Vatnajökuls - hollvinasamtaka Vatnajökulsþjóðgarðs

VINIR VATNAJÖKULS

Ársfundur Vina Vatnajökuls verður haldinn, **miðvikudaginn 10. maí 2017 kl. 16:00 á hótel Natura, Nauthólsvegi, 101 Reykjavík.**
Fundarefni venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin



Hvað? Hvenær? Hvar? Mánudagur

hvar@frettabladid.is

24. APRÍL

Tónlist

Hvað? Vorsöngvar Karlakórs Reykjavíkur
Hvenær? 20.00
Hvar? Langholtskirkju
Dagurinn er orðinn lengri nóttinni og að lokum sigrar vorið veturinn. Þá heilsar Karlakór Reykjavíkur árstíðinni með vorsöngvum sínum og leitast þannig við að endurvarpa birtu hennar og yl til þeirra sem á hlýða. Svo verður einnig í ár og sem fyrr í Langholtskirkju, nú dagana 24., 25., 26. og 29. apríl. Á efnisskránni eru létt hefðbundin lög sem gjarnan hafa heyrst hjá kórnum, en einnig má finna gospelkennda tónlist og kórútsetningar þekktra erlendra dægurlaga. Þá verður frumflutt verk eftir Pál Pamphicler Pálsson, fyrrum stjórnanda kórsins og einn máttarstólpa íslensks tónlistarlífs á 20. öld.

Hvað? Mánudjass
Hvenær? 21.00
Hvar? Húrra, Naustunum
Djassinn dunar sem fyrr á Húrra þetta ágæta mánudagskvöld.

Viðburðir

Hvað? Að taka kyn með í umhverfisreikninginn: Alþjóðlegt mat Umhverfisstofnunar SÞ á stöðu kynjanna
Hvenær? 12.00
Hvar? Odda, Háskóla Íslands
Málþing um mat Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna á stöðu kynjanna verður haldið í samvinnu RIKK – Rannsóknastofnunar í jafnréttisfræðum, Jafnréttisskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna og námsbrautar í umhverfis- og auðlindafræðum við Háskóla Íslands. Þátttakendur í málþinginu eru Joni Seager, prófessor og forstöðumaður deildar hnattrænna fræða við Bentley-háskóla, Auður H. Ingólfsdóttir, lektor við félagsvísindadeild Háskólans á Bifröst, og fundarstjóri er Lára Jóhannsdóttir, lektor í umhverfis- og auðlindafræði við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.

Hvað? Endurvinnsla málma
Hvenær? 13.30

Aðdáendur Kjarvals ættu að kíkja á Kjarvalsstaði í dag.

Hvar? Háskólanum í Reykjavík
Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík stendur fyrir málstofu sem er liður í eflingu efnisfræði og efnisverkfræði sem fræðigreina hér á landi. Þetta er seinni málstofan af tveimur sem áætluð er á kennsluárinu 2016 – 2017. Hún verður haldin í stofu M208.

Hvað? Kynning á meistaranámi í klínískri sálfræði
Hvenær? 12.00
Hvar? Háskólanum í Reykjavík
Sálfræðisvið Háskólans í Reykjavík býður til kynningarfundar um meistaranám í klínískri sálfræði mánudaginn 24. apríl. Nemendur og kennarar gefa áhugsömum innsýn í námið og möguleika að námi loknu. Áhugasamir eru beðnir um að skrá sig á fundinn með því að senda tölvupóst á aslaugpals@ru.is. Boðið verður upp á léttan hádegisverð.

Hvað? Kynningarfundur MBA-náms við HR
Hvenær? 12.00
Hvar? Háskólanum í Reykjavík
Í dag er efnt til kynningarfundar um MBA-nám í HR. Fundurinn verður haldinn í Háskólanum í Reykjavík, í stofu M209 frá kl. 12.00-13.00. Léttar veitingar verða í boði fyrir fundargesti frá kl. 11.30. Á fundinum mun Auður Arna Arnardóttir, forstöðumaður námsins, halda stutta kynningu og að því loknu munu þau Jón Haukur Baldvinsson, framkvæmdastjóri Jamie's Italian Iceland (MBA 2015); Þóra Eggertsdóttir, forstöðumaður fjármála- og upplýsingatækni-sviðs hjá Flugfélagi Íslands (MBA 2017), og Erlendur Svavarsson, framkvæmdastjóri hjá Loftleiðum (MBA 2018), segja frá reynslu sinni af náminu og hvernig það hefur nýst þeim í starfi.

Sýningar

Hvað? Kjarval – lykilverk
Hvenær? 10.00
Hvar? Kjarvalsstöðum
Á sýningunni gefst gott tækifæri til að kynnast mörgum lykilverkum frá ferli listamannsins og fá innsýn í þau meginstef sem voru uppistaðan í lífsverki hans. Annars vegar landið í öllum sínum fjölbreytileika og hins vegar það líf og þær táknmyndir sem Kjarval skynjaði í landinu, það sem hugurinn nemur ekki síður en það sem augað sér.

Hvað? Hrina – fjórar hrinur vídeóverka
Hvenær? 10.00
Hvar? Hafnarhúsinu
Hrina – leikur, gjörningur, skráning og frásögn. Hrina er viðamikið sýningarverkefni þar sem tekinn er til sýninga stór hluti þeirra kviku myndverka sem til eru í safneign Listasafns Reykjavíkur. Titill sýningarinnar vísar til þess að verkin verða sýnd í fjórum hrinum og stendur hver þeirra yfir í um það bil einn mánuð. Hrinurnar hafa hver sitt þema sem byggir á nálgun og viðfangsefnum listamannanna. Þemun eru leikur, gjörningur, skráning og frásögn.

Hvað? Erró: Því meira, því fegurra
Hvenær? 10.00
Hvar? Hafnarhúsinu
Á þessari sýningu er varpað sérstöku ljósi á verk Errós sem byggjast á ofgnótt og ofmettun. Slík myndgerð hefur alla tíð verið mikilvægur þáttur í listsköpun hans og má rekja aftur til ungdómsverka hans. Meira en þrjátíu verk úr Errósafni Listasafns Reykjavíkur – málverk, klippimyndir og kvikmyndir – sýna hvernig listamaðurinn skapar flóknar og hlaðnar myndbyggingar, sem miðla myndefni tengdu stjórnmálum, vísindum, skáldskap og listasögu.

Hvað? Ilmur Stefánsdóttir: Panik
Hvenær? 10.00
Hvar? Hafnarhúsinu
Í A-sal Hafnarhúss ríkir óstöðugleiki og fát. Það hriktir í burðarvirkinu þar sem kona hamast við eitthvað sem ekki hefur augljósan tilgang. Hún hleypur, hoppar, hjólar og notar ýmis torkennileg tæki til að skapa hreyfingu hreyfingarinnar vegna. Svo virðist sem sýningarsalurinn kunni undan að láta og spurningin er hvort basl konunnar geti haldið honum uppi eða sé orsök þess að hann er við það að bresta.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

GÚMMÍBELTI UNDIR ALLAR VÉLAR Á LAGER

MERKÚR

Hýsi-Merkúr hf. - Lambhagavegi 6 - 113 Reykjavík
534 6050 - merkur@merkur.is - www.merkur.is

BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

Afterimage 18:00
Welcome to Norway 18:00
Safari 18:00
Spólað yfir hafið 20:00
Moonlight 20:00
Glory 22:00
The Other Side Of Hope 22:30
I, Daniel Blake 22:00



DAGSKRÁ

Mánudagur

THE SECRET LIFE OF 4 YEAR OLDS

Frábær þáttur sem veitir okkur innsýn í líf nokkurra fjögurra ára einstaklinga sem eru að taka sín fyrstu skref í átt að sjálfstæði. Hér eru þau að læra um mikilvægu hlutina í lífinu eins og vináttu og að mynda tengsl.

FJÖLBREYTT
MÁNUDAGSKVÖLD
Fáðu þér áskrift á 365.is
365

BROTHER VS. BROTHER

Frábærir þættir með þeim bræðrum Jonathan og Drew sem hvor um sig fær með sér í lið hóp af ólíku fólki til að endurgera fasteign.



NCIS

Stórgóðir spennuþættir um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins sem þurfa nú að glíma við hættulegri mál en áður.

THE PATH

Stórgóðir þættir um Eddie Lane sem hrífst af kenningum sértrúarsafnaðar en það er ekki alltaf einfalt að fylgja sannfæringu sinni.

VICE

Ferskir og vandaðir fréttaþættir frá HBO þar sem rýnt er ofan í kjölinn á ýmsum hitamálum um víða veröld.

FIFTY SHADES OF GREY

Dramatísk bíómynd um bókmenntafræðinemann Anastasiu Steele en líf hennar umbreytist þegar hún hittir auðmanninn Christian Grey.



GAME OF THRONES

Frábærir þættir um hið magnaða valdatafl sjö konungsfjölskyldna í Westeros en allar vilja þær ná yfirráðum yfir hinu eina sanna konungssæti, The Iron Throne.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

STÖÐ 2

07.00 The Simpsons
07.20 Tommi og Jenni
07.45 The Middle
08.10 2 Broke Girls
08.35 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors
10.20 Who Do You Think You Are?
11.20 Sullivan & Son
11.45 Project Greenlight
12.35 Nágrannar
13.00 American Idol
14.05 American Idol
14.50 American Idol
16.30 The Simpsons
16.55 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 **Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
18.55 **Íþróttir** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
19.05 **Fréttir Stöðvar 2**
19.20 **Brother vs. Brother**
20.05 **The Secret Life of a 4 Year Olds** Frábærir þættir sem veita okkur innsýn í líf nokkurra fjögurra ára einstaklinga sem eru að taka sín fyrstu skref í átt að sjálfstæði. Hér eru þau að læra um mikilvægu hlutina í lífinu eins og vináttu og að mynda tengsl.
20.55 NCIS
21.40 The Path
22.30 **Vice** Ferskur fréttaþáttur frá HBO þar sem rýnt er ofan í kjölinn á ýmsum hitamálum um víða veröld.
23.05 Girls
23.35 The Young Pope
00.30 Murder In The First
01.15 Mad Dogs
01.55 100 Code
02.40 The Player
03.20 **Pressure** Spennutryllir frá 2015 um fjóra menn sem starfa við að laga olíuleiðslur í sjó og verða innlyksa í kafkúlu sinni á hafsbotni þegar móðurskip þeirra laskast alvarlega í miklum stormi og sekkur.
04.50 2 Broke Girls
05.15 The Middle
05.40 Togetherness

STÖÐ 2 SPORT

08.00 Burnley - Manchester United
09.40 Liverpool - Crystal Palace
11.20 Real Madrid - Barcelona
13.00 Norwich - Brighton
14.40 FA Cup
16.20 FA Cup
18.00 Ensku bikarmörkin
18.30 KR - Grindavík
21.05 Domino's körfuboltakvöld
21.35 Spænsku mörkin
22.05 NBA

STÖÐ 2 SPORT 2

07.20 Chelsea - Tottenham
09.05 Arsenal - Manchester City
10.45 Snæfell - Keflavík
12.25 Oklahoma City Thunder - Houston Rockets
14.15 Premier League World
14.45 Burnley - Manchester United
16.25 Liverpool - Crystal Palace
18.05 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
18.30 Football League Show
21.10 Messan
22.40 KR - Grindavík
00.20 Domino's körfuboltakvöld

STÖÐ 3

17.25 Mike & Molly
17.50 The New Girl
18.15 Anger Management
18.40 Modern Family
19.05 Curb Your Enthusiasm
19.50 Stelpurnar
20.15 Who Do You Think You Are?
21.00 Grimm
21.45 Game of Thrones
22.45 Legit
23.10 The Americans
23.55 Salem
00.40 The Mentalist
01.25 Curb Your Enthusiasm
02.10 Stelpurnar
02.35 Who Do You Think You Are?
03.20 Tónlist

KRAKKASTÖÐIN

07.00 Strumparnir
07.25 Hvellur keppnisbíll
07.37 Ævintýraferðin
07.49 Gulla og grænjaxlarnir
08.00 Víkingurinn Viggó
08.11 Zigby
08.25 Stóri og Litli
08.38 Brunabílarnir
09.00 Könnuðurinn Dóra
09.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
09.47 Doddi litli og Eyrnastór
10.00 Áfram Diego, áfram!
10.24 Svampur Sveins
10.49 Lalli
10.55 Rasmus Klumpur og félagar
11.00 Strumparnir
11.25 Hvellur keppnisbíll
11.37 Ævintýraferðin
11.49 Gulla og grænjaxlarnir
12.00 Víkingurinn Viggó
12.11 Zigby
12.25 Stóri og Litli
12.38 Brunabílarnir
13.00 Könnuðurinn Dóra
13.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
13.47 Doddi litli og Eyrnastór
14.00 Áfram Diego, áfram!
14.24 Svampur Sveins
14.49 Lalli
14.55 Rasmus Klumpur og félagar
15.00 Strumparnir
15.25 Hvellur keppnisbíll
15.37 Ævintýraferðin
15.49 Gulla og grænjaxlarnir
16.00 Víkingurinn Viggó
16.11 Zigby
16.25 Stóri og Litli
16.38 Brunabílarnir
17.00 Könnuðurinn Dóra
17.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
17.47 Doddi litli og Eyrnastór
18.00 Áfram Diego, áfram!
18.24 Svampur Sveins
18.49 Lalli
18.55 Rasmus Klumpur og félagar
19.00 Flóttinn frá jörðu



Svampur Sveinsson kl. 10.24, 14.24 og 18.24

GOLFSTÖÐIN

07.00 Valero Texas Open
12.00 Estrella Damm Mediterranean
15.00 Valero Texas Open
20.00 PGA Highlights
20.55 Estrella Damm Mediterranean

BÍÓSTÖÐIN

12.10 My Best Friend's Wedding
13.55 Bright Lights. Starring Debbie Reynolds and Carrie Fisher
15.30 As Cool as I Am
17.05 My Best Friend's Wedding
18.50 Bright Lights. Starring Debbie Reynolds and Carrie Fisher
Heimildarmynd sem gerð var um mæðgurnar Carrie Fisher og Debbie Reynolds nú fyrir stuttu en þær létust báðar í lok síðasta árs. Farið er yfir glæstan feril þeirra beggja, líf, ástir og örlög þessara mægðna sem settu svip sinn á Hollywood. Carrie Fisher var þekktust fyrir hlutverk sitt sem Leia prinsessa í Star Wars-myndunum og móðir hennar Debbie Reynolds var þekktust fyrir hlutverk sitt í söngvamyndinni Singing in the Rain frá árinu 1952 þar sem hún lék á móti Gene Kelly.
20.25 **As Cool as I Am** Í smábæ í Montana í Bandaríkjunum býr Diamond-fjölskyldan; Chuck og Lainee og sextán ára dóttir þeirra Lucy. Á yfirborðinu lítur fjölskyldulífið ósköp venjulega út en ekki er allt sem sýnist.
22.00 Fifty Shades of Grey
00.05 300. Rise of an Empire
01.50 Last Days On Mars
03.30 Fifty Shades of Grey

RÚV

16.50 Silfrið
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Háværa ljónið Urri
18.14 Róbert bangsi
18.24 Skógargengið
18.35 Undraveröld Gúnda
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.05 Jörðin
21.10 Dicte
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Saga þriggja borga – Vínarborg árið 1908
23.15 Skuggaleikur
00.00 Kastljós
00.25 Dagskrárlok

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 America's Funniest Home Videos
08.25 Dr. Phil
09.05 90210
09.50 Jane the Virgin
10.35 Síminn + Spotify
13.00 Dr. Phil
13.40 Top Gear. A-Z
14.35 Chasing Life
15.20 Black-ish
15.45 Katherine Mills. Mind Games
16.35 The Tonight Show
17.15 The Late Late Show
17.55 Dr. Phil
18.35 King of Queens
19.00 Arrested Development
19.25 How I Met Your Mother
19.50 Superstore
20.15 Top Chef
21.00 Hawaii Five-0
21.45 24. Legacy
22.30 The Tonight Show
23.10 The Late Late Show
23.50 Californication
00.20 CSI
01.05 Scorpion
01.50 Madam Secretary
02.35 Hawaii Five-0
03.20 24. Legacy
04.05 The Tonight Show
04.45 The Late Late Show
05.25 Síminn + Spotify

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

tl.is

NÝ NETVERSLUN TÖLVULISTANS!

ENGINN SENDINGARKOSTNAÐUR Í APRÍL!

VIÐ SENDUM HEIM AÐ DYRUM EÐA Á PÓSTHÚS ÁN AUKAKOSTNAÐAR.

MEIRA EN 2.000 TÖLVUR OG TÖLVUVÖRUR Á LÆGRA VERÐI Á WWW.TL.IS!

TÖLVU LISTINN

REYKJAVÍK	AKUREYRI	HÚSAVÍK	EGILSSTAÐIR	KEFLAVÍK	SELFOSS	AKRANES
SUÐURLANDSBRAUT 26	GLERÁRTORG	GARÐARSBRAUT 18A	KAUPVANGI 6	HAFNARGÖTU 90	AUSTURVEGI 34	ÞJÓÐBRAUT 1
Sími 414 1700	Sími 414 1730	Sími 464 1600	Sími 414 1735	Sími 414 1740	Sími 414 1745	Sími 431 3333

NÝTT Tempur® Contour

Við gerðum stórkostlegt enn betra

Hvernig er hægt að bæta sig ef maður er nú þegar í fyrsta sæti þegar kemur að ánægju viðskiptavina í 13 löndum?*
... okkur tókst það.

Við kynnum nýju Tempur® Countour heilsudýnuna, hún er með QuickRefresh™ áklæði sem taka má af með rennilás og þvo. Dýnan er einnig fáanleg með CoolTouch™ áklæði. Komdu og upplifðu einstaka eiginleika Tempur og finndu þá dýnu sem hentar þér best.

QUICKREFRESH™ ÁKLÆÐI

Rennilás gerir það afar einfalt að taka QuickRefresh áklæðið af dýnunni og þvo.

TEMPUR-DAGAR
25%
AFSLÁTTUR
KOMDU NÚNA!

* Byggt á viðtölum við 37.000 dýnueigendur í 13 löndum á árunum 2014–2015 þar sem Tempur-dýnueigendur, í öllum löndunum, mátu Tempur hærra á ánægjukvarða en eigendur dýna frá öðrum framleiðendum.

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566

Betra BAK

Aron Már Ólafsson og Orri Guðlaugsson, ásamt Hildi Skúladóttur, standa á bak við Allir gráta. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Það er hollt að gráta

Aron Már Ólafsson, **Orri Guðlaugsson** og **Hildur Skúladóttir** eru fólkið á bak við samtökin Allir gráta. Nýlega var opnað fyrir umsóknir í styrktarsjóð samtakanna sem þau hafa komið á laggirnar.

„Allir gráta eru félagasamtök sem vinna að því að opna umræðuna um þunglyndi og kvíða á meðal barna og unglinga á Íslandi," segir Orri Gunnlaugsson, verkefnastjóri samtakanna, en hann, Aron Már Ólafsson og Hildur Skúladóttir stofnuðu samtökin í desember.

Hugmyndina að samtökunum átti Aron Már Ólafsson leiklistarnemi, betur þekktur sem Aronmola, en hann er ein stærsta samfélagsmiðlastjarna landsins.

„Aronmola er með yfir 30 þúsund fylgjendur á Snapchat og hann langaði til þess að nýta samfélagsmiðlana í eitthvað uppbyggilegt. En það var einmitt í gegnum Snapchat sem hann fann þörfina fyrir verkefnið Allir gráta," segir Orri.

Aron vakti töluverða athygli þegar hann fór til Los Angeles í nóvember í fyrra þar sem hann var staddur til að taka upp efni ásamt því að spóka sig um með stærstu samfélagsmiðlastjörnum heims. Á þessum tíma opnaði Aron sig um persónulega reynslu af þunglyndi og talaði opinskátt um reynslu sína í beinni útsendingu á Facebook-síðu sinni.

Allir gráta eru félagssamtök sem vinna að því að opna umræðuna um þunglyndi og kvíða á meðal barna og unglinga.

„Þetta fór allt af stað eftir það. Við höfum verið að vinna í því að safna í styrktarsjóð, sem við komum til með að úthluta úr í byrjun júní," segir Orri og bætir við að hver sem hafi hugmynd að verkefni til að efla geðheilsu barna og unglinga á Íslandi geti sótt um í sjóðinn.

Frá áramótum hefur Aron farið í grunn- og framhaldsskóla þar sem hann hefur kynnt málefni samtakanna ásamt því að tala við krakkana um reynslu sína.

„Þar sem ég byrjaði á því að opna mig á Snapchat um mína eigin reynslu langaði mig bara að fara í skólana og tala beint við krakkana," segir Aron Már.

Umsóknarferlið er opið til 1. júní á allirgrata.is/styrktarumsokn. Nú þegar hafa borist yfir 50 hugmyndir.

„Við erum öll alveg gífurlega þakklát fyrir viðbrögðin sem við höfum fengið, það var opnað fyrir umsóknir í síðustu viku, svo þetta fer vel af stað, við viljum hvetja alla til að koma sinni hugmynd á framfæri, sama hver hún er," segir Orri, þakklátur.

Hægt er að styrka málefnið með því að leggja inn á reikning samtakanna.

„Reikningsnúmerið er 528-14-404866 og kennitalan 561216-0530. Svo erum við í því að finna upp á skemmtilegum verkefnum til að efla sjóðinn áður en úthlutað verður úr honum í júní. Við byrjuðum með SMS-leik og núna erum við með í símasölu fallega nælu sem hönnuð var af Rakel Tómasdóttur og Gabríel Bachmann en hún verður einnig fáanleg í verslunum fljótlega," segir Orri. **gudrunjona@frettabladid.is**

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

ÓDÝR DEKK FYRIR ALLA

Sólning boðar lækkað verð á dekkjum til frambúðar. Nú þarftu ekki lengur að flækjast á netinu eða fara um allan bæ í leit að ódýrari dekkjum. Þau eru í Sólningu.

Sími 544 5000 • Skútuvogur, Kópavogur, Hafnarfjörður, Njarðvík og Selfoss • solning.is

SÓLNING
Meira til skiptanna

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177

BAKÞANKAR

Pálmars Ragnarssonar

Flotta fólkið

Mér finnst alltaf jafn magnað þegar ég heyri um fólk sem gefur með sér. Það er svo ótrúlega innbyggt í okkur mannfólkið að hámarka allt fyrir okkur sjálf. Svo innbyggt að nánast ómögulegt er að brjótast út úr því.

Auðvitað erum við flest mjög góð og gefum reglulega í hjálparstarf. Sendum 2.500 kr. í neyðaraðstoð til Sýrlands, ekki málið. Jafnvel 3.750 kr. á mánuði sem styrktarforeldrar, að sjálfsögðu. En hvað með að greiða 45.000 kr. á mánuði í hjálparstarf? EKKI SÉNS.

Mér dytti það ekki í hug. Það þýddi að ég þyrfti að borða hafragraut í flest mál. Jafnvel að selja bílinn og taka strætó. Ég tek bara þátt í hjálparstarfi á meðan það gerir líf mitt ekki verra fyrir vikið.

En það magnaða er að til er fólk sem gerir þetta. Fólk sem ákveður að lifa látlausara lífi til að gefa með sér. Flotta fólkið. Fólk sem gæti jafnvel lifað í vellystingum en gerir það ekki. José Mujica, fyrrverandi forseti Úrúgvæ, bjó á látlausum sveitabæ í forsetatíð sinni og lét um 90% launa sinna renna til fátækra. Okkar eigin forseti Guðni Th. lætur um hálfa milljón af sínum launum renna til góðgerðarmála í hverjum mánuði. Jafnvel efnaminna fólk sem hefur ekki mikið á milli handanna á íslenskan mælikvarða lætur meginþorrann renna í hjálparstarf.

Það er nefnilega á hreinu að flottasta fólkið er ekki það sem á dýrustu bílana, flíkurnar eða skartgripina. Flottasta fólkið er það sem nær að brjótast út frá þessum ótrúlega sterku mannlegu hvötum og gefa með sér til þeirra sem þurfa meira á því að halda.

Þó hlutirnir gætu verið betri þá megum við ekki gleyma því að við sofum öll í húsum, göngum öll í fötum og deyjum ekki úr hungri. Sú er ekki raunin alls staðar. Við erum öll rík miðað við börnin sem búa á götunni víðsvegar um heiminn.

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland

333 kr á dag*

*9.990.- á mánuði.

365.is | Sími 1817 365

KING KOIL®

Sumar tilboð!

KING KOIL SUMMER GLOW

Hágæða Amerískt heilsurúm með fimm svæða skiptu poka gorma kerfi, millistíf/mjúkt og stífir kantar, ásamt botni og fótum.

Stærðir King (193x203 cm) eða Cal King (183x213 cm)

Fullt verð 388.406 kr.

SUMARTILBOÐ 233.044 kr.

ARGH!!! 240417

fatboy®

Gefðu fermingarbarninu bjarta framtíð með **The Petit** lampa

Frábær fermingagjöf!

Snilldar lampi, fáguð hönnun með þremur birtustillingum og endist í allt að 24 tíma án hleðslu.

Verð frá **7.650 kr.**

Fagnaðu fjölbreytileikanum!

30 gerðir af ólíkum skermum í boði.

Verð 1.745 kr.

Fatboy Original púðinn

YFIR 30 LITIR

Verð frá **23.650 kr.**

rekkjan

HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Ármúla 44 ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16